

Unglingalandsmót UMFÍ

Monrad kerfið

Á Unglingalandsmóti UMFÍ er notað svokallað Monrad-kerfi í hópíþróttagreinum þar sem því er við komið. Ef fá lið eru skráð til leiks í ákveðnum flokki/hóp, þá er kerfið ekki notað. Monrad-kerfið er m.a. þekkt innan skákheimsins og hefur verið notað þar í rúm hundrað ár.

Hvernig virkar kerfið?

Monrad-kerfið gengur út á sjálfvirka geturöðun. Þegar geta liða innbyrðis er ekki skráð eða þekkt í viðkomandi flokki, þá er liðum raðað saman handahófskennt í fyrstu umferð og spila lið tiltekinn fjölda leikja á hverju móti. Engin úrslitakeppni er um sæti, heldur ræðst röðun í sæti af árangri í þeim leikjum sem spilaðir eru. Þar af leiðandi eru í raun allir leikir úrslitaleikir um innbyrðisstöðu liðanna í flokknum.

Að lokinni hverri umferð er liðunum sem eru næst hvert öðru í getu raðað saman miðað við stöðuna í flokknum/hópnum hverju sinni. Aldrei er spilað við sama liðið oftari en einu sinni. Ekki sést nákvæmlega hvaða lið spila saman í næstu umferð á eftir fyrir en öllum leikjum yfirstandandi umferðar er lokið.

Geturöðun liða ræðst af því hversu mörg lið taka þátt og getudreifingu þeirra innbyrðis. Engin geturöðun getur komið í veg fyrir að eitt yfirburðalið muni vinna alla mótherji sína og mögulega gjörsigri það.

Keppnin og tímasetningar hvers flokks/hóps.

Áður en mótið hefst liggur fyrir hvaða lið spila saman í fyrstu umferð hvers flokks, á hvaða velli og klukkan hvað. Jafnframt liggur fyrir á hvaða tímasetningum og völlum allir leikir flokksins í mótinu fara fram.

Stefnt er að því að umferð hvers flokks sé spiluð á sem skemmstum tíma. Það ræðst af vallarframboði og fjölda liða. Þegar öllum leikjum hvefarr umferðar er lokið þá raðast leikir næstu umferðar niður á þær tímasetningar og þá velli sem afmarkaðir hafa verið í tímaplani mótsins fyrir næstu umferð viðkomandi flokks.

Dæmi um möguleg keppnisform flokka í hópíþróttum

- ✓ Allir spila við alla.
- ✓ Allir spila við alla og síðan spilað um sæti.
- ✓ Sjálfvirk geturöðun, Monrad-kerfið.

Birtir verða hlekkir sem vísa á heimasíðu Monradkerfisins þar sem allar upplýsingar um leiki, tíma- og staðsetningar og úrslit verða aðgengileg.